

SKEIFA INGIBJARGAR
eftir Benóný Ægisson

Leikurinn gerist á Íslandi og í Kaupmannahöfn

Inngangur

Fyrir rúmum hundrað árum í kónsins kaupinhöfn
kúlbraðist þar ýmist lið ég nefni engin nöfn
það var hlutaf þjóðflokkur sem þorsku og ýsu dró
lifði bæði hátt og hratt og hluti af því dó
og þó og þó - það lifir enn í minningu margra suður með sjó

liðið hafði þann leiða sið að labba niðri bæ
og leggjast þar í sukk og svall og svoleiðis húllumhæ
þó fyki skjólin fótbrottin fátækt eða fát
þá fann það uppá menningu sem lifði hundrað ár
í ár í ár - í ár er hún orðin skyldunám sem þú verður að standa klár

í hórúkassa hlupu inn og hleyptu niðrum sig
í keyptum faðmi kváðu þeir ljóð sem komu við þig og mig
um ástmeyjar á Íslandi sem aldrei fengu drátt
fyrren þær fengu sér pokaprest að fara með í hátt
í hátt í hátt- því þá fóru prestar framanað en ekki aftaná

kaupmannahöfn er kaupmannahöfn eða hvað finnst yður um það
guð var ekki fæddur í gær og gakk þú glaður í það
það verður enginn vitraraf að vega aftanað
og sólin skein á sundin blá sem og skálið kvað
og kvað og kvað - og hvað með að hraða aðgerðum og staðla staðastað?

Sögumaður:

Nú veistu örlítið meira um okkar lauflétta leik
en langar að viteitthvað meira verið ei smeik
því nú kemur hetja leiksins - hetjynja væri nær
(álíka úrelt og mogginn í gær
hvað er að ske bakvið tjöldin?)
hún hefur upp raust og kveður um sómann sverðið og skjöldinn
sem er oss svo kær
saknaðróður frá ungpæju eftir sjö ár í festum
og þrá eftir þeim sem við vitum allramest best um

Saknaðaróður Ingibjargar

Ó horfinn ertu heljarmús með hár í skotti
galtómt stendur gigtveikt hús og girnisspotti
á brottu hljópst er bröndótt kýr brosti við þér
var á skautum skata rýr á ská við hlið þér

ég kúna ekkert kannast við kannski jæja
sumir hafa þennan sið að sífellt hlæja
flótti þinn mér gerði grikk og göldrum hlynnta
afkáralegí einum rykk og opinmynta

en aftur kannski kemur þú káta mýsla
þá við skulum byggja brú og býsnin sýsla
við gætum sungið sultutau af segulbandi
og þóst í gamni vera þau á þessu landi

hátíðlega horft í kross og huxað mikið
borið fram vort besta hnoss og burstað rykið
en horfin ertu heljarmús með hár í skotti
ein ég rigni hér í rús sem reiðingsspotti

Ingibjörg býst til brottfarar

Sögumaður:

Ingibjörg heldur nú á hafið
hyldjúpa bláa bólakafið
en við höldum skjótt á söguslóðir
blásu lífi í gamlar glóðir
í kaupmannahöfn mesta menningarbæli íslendinga
er þekktastur allra vitleysingja
nasi hall - og hér fáidann án frekari kvæðaskýringa

Kór vormanna

Þú þadna manni þekkirðu jónas
þrásæknar glymja spurningar
þeir vitekkineitt en þykjast góðir
þarsem þeir híma uppvið bar
öll geymum við okkar jónas innstvið hjartaræturnar

jónas er spegilmynd minnar sálu
og ég er spegilmynd af þér
jónas ber glimmer og brill í hárið
brosir og þykist allur smér
treystonum ekki trúðonum síður
taktann bara einsog hann er

Sögumaður:

Á meðan við bíðum eftir bróður þeim besta
sem er bestur og mestur allra góðra gesta
skulum við vitja vormanna klakans
sem að vonum eru til eilífðarrakans
nú förum við öll áritstjórnarfund
hjá fjölnismönnum hvar hratt flýr stund

*(Fjölnismenn tala hver uppí annan blablabla rabbabarirabbabari og þessháttar.
Jónas er borinn inn í glerkistu. Jónas rís upp frá dauðum og tekur lagið)*

Söngur Jónasar

C am
 Nú andar suðrið sæla vindum þýðum
 F G
 á sjónum allar báurur smáar rísa
 og flykkjast heim að fögru landi ísa
 að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum
 heilsíð öllum heima rómi blíðum
 um hæð og sund í drottins ást og friði
 kyssið þið báurur bát á fiskimiði
 blásið þið vindar hlýtt á kinnum fríðum
 vorboðinn ljúfi fuglinn trúr sem fer
 með fjaðrabliki háa vegaleysu
 í sumardal að kveða kvæðin þín
 heilsaðu einkum ef að fyrir ber
 engil með húfu og rauðan skúf í peysu
 þröstur minn góður þrjár og fimmtíu

Sögumaður:

Hann barðist og beist fyrir sjálfstæði Íslands
 án þess að úthella blóði eins einasta manns
 sem er einsdæmí sögu þeirra sem eiga við kúgarað etja
 enda var sóminn ekki nein venjuleg þjóðhetja
 heyrirð eitt eintak af jóni á þingi
 og sannfærir um að hann var enginn græningi

Ræða Jóns**Jón:**

dm dm
 Háttvirtir fundarmenn fulltrúar Íslendinga
 cm cm Bb
 þegar vor mildasti konungur árið 1844
 Bb dm /cm Bb am dm/ dm
 skipaði nefnd til að ákveða stjórnskipan ríkisins framvegis
 dm dm cm cm
 gat hann ekki tímans vegna látið Íslendinga velja sér
 Bb Bb dm /cm Bb am dm/ dm
 fulltrúa sjálfa en þetta kom sem opið bréf í póströfu
 dm dm cm cm
 og ég mótmæli í nafni konungs í nafni þjóðarinnar
 Bb Bb dm /cm Bb am dm/ dm
 í eigin nafni í Ésu nafni amen

Kór þingmanna:

dm dm
 ég mótmæli allur ég mótmæli allur
 cm cm
 ég mótmæli allur ég mótmæli allur
 Bb Bb
 ég mótmæli allur ég mótmæli allur

Jón:

dm /cm Bb am dm/ dm
lengi lifi konungur vor viðrekur sjöundi

Sögumaður:

Má lesá söguspjöldum allra þeirra nöfn
íslendinga hverra augu börðu kaupinhöfn
voru þeir allir saman skáld og andans menn
eða eru einhverjir óupptaldir enn?
hlýð á sögu um einn kóngsins lausamann
sem stal sér snærisspotta þrátt fyrir kóngsins bann
á brimarrhólmi hannaði hann brústeina
og engin þælir í því hvern fjandann hann var að meina
en kannski fær hann hjálp frá granna jóns
sem verslaði við frakka kónginum til tjóns
endaði í stokkhúsinu uppá vatn og brauð
og vissi öllum mönnum betur hvað imba í matinn sauð

Kór þrælanna

Við plægðum og þældum og punginum ældum
voluðum vældum sem vaðmál á snældum
skrumskældum allt og skulduðum kalt
moð fyrir malt og mikluðum allt
allt var falt og kotið var kalt
og kannski við áttum ekki landið okkar salt

nú ber ég hlekki rekkí gegnumtrekki
þetter ekkiekkiekki ekkí reykmekki
fjarri er ég fósturjarðar fimbilháum ströndum
á útlendum eyðisöndum
iðka ég steinhögg undir níðhögg
heyrirðekki höggín mín
þegar þú haltrar heim til þín
hafnar eftir hellulögðum strætum

Ingibjörg siglir til Hafnar

Sögumaður:

Sjóveik hún siglir um sæinn
sjúk í sinn ástkæran hrók
biður til guðs um að gæinn
gefi í pípu og kók

ingibjörg leggur að landi
ljúf verður kveðja hans
er eins og blómi í bandi
býðurún jónuppí dans

Á Íslandsbryggju

Jón:

Hvers er að vænta að vestan?

Ingibjörg:

o sosum einskis

Jón:

hvað er nýtt að norðan?

Ingibjörg:

o sosum einskis

Jón:

hvað er aamt að austan?

Ingibjörg:

o sosum einskis

Jón:

hvað segirðu að sunnan?

Ingibjörg:

o sosum einskis

Bæði:

það skeður sosum aldrei einskis

Svo dansa þau hjónin

$\frac{3}{4}$ cm Bb cm Bb

Í sjö ár hefur hún setið ein

cm gm Es fm

sinnt ekki öðru en saumaskap

cm Bb cm cm

og þvílíku samfara slíku

cm Bb cm Bb

hún sat þar ein og syrgði jón

cm gm Es fm

svólítið blaut var hún í klofi

cm Bb cm cm

enda var jón í orlofi

Viðlag: ra ra ra ra osfrv

cm fm Es G# fm Bb cm cm

en jón hann sat ekkjá sínum rassi

sintann þó engri annarri þíku

og þvílíku samfara slíku

nei jón hann gerði sér glaðan dag

gekk ekki fram hinn mjóa veginn

jón ann var orðinn hinsegin

hún imba varð nú alveg óð

hún áttaldrei eftir að fáana fyllta

að eilífu galtarlaus gylta

ingibjörg drýgði aldregi hór

í veislunum gekk hún guðhrædd um beina
en skeifunnún reyndekkjað leyna

Sögumaður:

En hver það nú sem tók við af jóni?
hvort mun hann valda tapeða tjóni?
látum oss hoppa hundrað ár í rúmi og tíma
og sjá hversu eftirmenn hans sig leggja í líma
við að varðveita sómann sverðið og skjöldinn
og sjá hvort að nú sé orðin önnur öldin

Rúmunum hundrað árum síðar

Stjórnmalamaður:

Þegar ég var að slíta barnsskónum þekkti ég gamla konu sem í sinni bernsku þekkti
aðra gamla konu sem rak barnsminni til annarar gamallar konu sem át skósóla í
skaftáreldum. af þessu má ráða hversu gífurlegar framfarir hafa orðið í landi voru á
ekki lengri tíma og sannast þar hið fornkveðna sem skáldið kvað að þar stóð hann
þorgeir á þingi er gullið geymdu frosti og fjalar að aðgát skal höfð í nærveru sálar..

Mannlýsing

Hann er geðugur maður og góður við börnin
gráðugir smáguglar ét af hans diskum
ef á bíöfrunum tóm teygist görnin
hann treður þá fulla af úldnum fiski
hann er guðhræðslan sjálf og hann gengur í svörtu
guði hann þjónar og þjóðinni þægri
hann er ekkert verri þó hann hafi vörtu
á vinstri kinn eða hægri

ef gengurðu eftir ganginum breiða
og grípi þig tilfinning lúá og leiða
og látirðu undan og langi að meiða
hann lætur þig allsekki sleppa
en segirðu sögunum sjómanninn unga
er af sjávarútvegi bar hita og þunga
uns missti hann fótinn og hálfannað lunga
hann á öðrum hnöppum að hneppa

hann er geðslegur maður sem glæpina hatar
greiðvikinn við sína nánustu
á veginum rétta röskur hann ratar
og réttkjörinn er hann til forustu
hann stendur á þingi og stamar ei hót
styrk er höndin um stjórnvölinn
við sjónvarpið situr sofandi snót
sæl en mig bítur kvölin

ef siturðog húkir í horninu þínu
 og huxar barum þíneigin þínu
 en ég ekki neitt en hygg barað mínu
 hann er sæll eins og öll hans klíka
 en sértu metorðagjarn og vilt lýðinn leiða
 og langar í aur til að eiga og eyða
 kaupu þér fólk til að myrða og meiða
 en mundu að mútonum líka

Söngur bankamanna

Sögumaður:

Á Íslandi við getum verið kóngar allir hreint

Kór:

þið sem standið svo fjári stjarfir
 stífnin fer ykkur bara vel
 ungir menn og upplitsdjarfir
 eigað hafum sig svarta skel

Sögumaður:

bankamenn berja ekki brústeininn

Kór:

hvítflibbaðar sófablækur sofa hjá í myrkri
 kíkjekkoní klósettið kjafta ekkjum valdið
 hafa um sig svarta skel í skjalatöskulíki

Sögumaður:

ennfremur um tómthúsmenn á tuttugustu öld

Bankamaður:

cm fm

úr bankanum inn í bílinn minn

C# cm

beint heim í blokkina

cm fm C# /cm Bb/ cm

sitja fastur drjúga stund í umferðarhnút

skjótast út úr lyftunni

stinga lykli í skrá

fimum fótum feta sig á næloni

steppa inn í stofuna

strjúka sjónvarpið

ómældir metrar af bókmenntum í skinnbandi

Kór:

cm fm

þrýsta á hnappa þrýsta á hnappa

C# /cm Bb/ cm

opna fyrir allt

cm /Bb cm/ cm /Bb cm/
 undraheimur opnast imbans bláa ljósi í

cm /Bb cm/ cm /Bb cm/
 að sitja fyrir framan hann er fjarskalega kósí
 cm /Bb cm/
 og horfa á einhver kaldan kall
 cm /Bb cm/ /Bb cm/ cm
 sem molar hausa svolgrar viskí tekur í

Sjónvarpsþulur:

Næst á dagskránni er þátturinn milli svefns og vöku. Þeir sem vit hafa á uppfærða þá vitlausu.

Söngur menningarvita

/ cm fm cm Bb / cm
 Menningaarfann muðlum við
 /cm fm cm Bb/ cm
 afturábak og útá hlið
 / fm bm fm Es / fm
 þiggjendur þolendur það eruð þið
 / cm fm cm Bb / cm
 klappið á okkar kýlda kvið
 /cm gm gm Es/ cm cm Bb cm/
 við erum menningarfílarnir
 /cm gm gm Es/ cm cm Bb gm / fm Es cm Bb/ cm
 sem ryðjast í gegnum menninguna

menning er fyrir mig og þig
 ei fyrir aula með ilsig
 rumpulýð sem ríðurenná slig
 fattekki hvað hún er unaðslig
 við erum menningarfílarnir
 við troðum þig undir á töltinu

Söngur litla mannsins

/ fm cm / fm cm /
 Stinguppí sig steikinni
 cm / Bb cm /
 stara fast á tækið
 gm fm
 alveg þar til yfir lýkur
 / cm fm / cm
 allt verður dimmt og kalt

cm / fm cm /
 klöngrast upp á konuna
 cm / Bb cm /
 kasta af sér byrðinni

cm / fm cm /
 sofa þar til klukkan kallar
 cm / Bb cm /
 kvalinn hefja nýjan dag

svítasprei og sápulús
 sarga af sér broddana
 kjelloggs kornflex kaffi með
 kíkja yfir síðurnar

cm fm C# cm
 hvað er nýtt um morð og misþyrmingar? (*tvítekið*)

Kór:

moggi er mannsins koggi
 moggi er mannsins koggi
 (*sungið í cm cm fm cm gm fm sjá nótnablað um framhald*)
 stressa sig af stað
 stressa sig af stað
 skríða inn í skelina
 setjupp harða og svarta skel í skjalatöskulíki

Sögumaður:

Nýta náriðils níðhöggar nálega nató
 morgunblaðs meinhorn manga meira en miðlungi
 ástmögurs afgangar enduðu uppi á Íslandi í
 þjóðfrelsis þjófnadar þykjustuleik þær þjónuðu

Jarðarför Jónasar

Es fm cm Bb
 Í baunaríki þeir stungupp lík
 Es fm cm Bb
 stálu líki af grárri tík
 cm fm cm Bb
 klæddu það upp í krossduluflík
 Es gm fm Es
 komu því í jörðu í keflavík

enginn grætur Íslending
 einan sér og dáinn
 þegar allt er komið um kring
 kasta þeir sér á náinn

jónas lifði og jónas dó
 jón varð úti en þjóðin hló
 kvað við kanann sitt korríró
 komst á góðan mála hjá nató

Fótnóta

Ég ávarpa yður unnendur frelsis og friðar
sem flið hann jón á sautjándá júní
og hafið það gott og kelið við kviðin sviðar
og komið í veg fyr að máttarstólparnir fúni

Kór:

í fimm ár frjáls það er mergurinn máls
að frelsið hans jóns var skorið á háls

alþjóðabankinn mun býkkur sæng útbreidda
búinn að taka veð í sérhverju rífi
í skinnbandi eignis þið ástmegi mædda og meidda
og mælið í fermetrum kilina meðan þið lifið

Kór:

í fimm ár frjáls það er mergurinn máls
að frelsið hans jóns var skorið á háls

haldiðann jónas hafi það gott til grafar
og gleðjist yfir unnum áfanga
íáttinað frelsi og friði taumlaust án tafar
aðann trúað við trítlum til góðs um dagana langa

Kór:

í fimm ár frjáls það er mergurinn máls
að frelsið hans jóns var skorið á háls

Sögumaður:

Og ungmenni þau sem lærðu ástmöginn utanbókar
eru þau dýrlingar eða drullulókar
leita þau nú í lyngið á lögbergi helga
eða leitast þau við að gerúr sér brennivínssvelga
hafa þau öðlast að eilífá lífið trúna
eða eru þau viss um að allt sé handónýtt núna?

Söngur haustmanna

Ég vildég væri dauður og hefði fengið slag
ég hefði bara átt að dópa meira
að vitaf því að kanavæl er íslands lag í dag
er undarlegren það að guð gaf eyra
ég held ég nenni ekkimeir að huxum þjóðarhag
því helvítið það er í kaf að keyra
það er alltsaman ónýtt núna
það er alltsaman handónýtt núna

ég vildég væri dauður og hefði fengið slag
ég hefði bara átt að dópa meira
meldaðu túbuna maður úhú í æð

hefur einhver sagt þér hvað þú ert
 æðislega líkur magnúsi bjarnfreðs
 lánaðu mér þúsundkall
 ég er á kúpunni
 fer á bísann í næstu viku

það er alltsaman ónýtt núna
 það er alltsaman handónýtt núna

Tjaldið

Leikfélagið Peðið sýndi verkið með eftirfarandi endi 2008

Sögumaður

Elsku vinur ekki meira útrunnið drasl
 Ég endist ekki í það - það er of mikið basl
 og hvað með þessa meinfýsni um eitt moggablað?
 menn nenni lengur núorðið að blogga um það
 (bloggið er mannsins koggi)
 ég held þú ættir bara að hætta með þitt rúnk
 og hoppa uppí hitt með þitt miðaldra púnk
 ekki verað æsa þig þú átt á hættu slag
 og æskan hún er svona á Íslandi í dag

Trylltur gæi

am
 Ég er trylltur gæi úr Torfufelli
 dm
 og trauðla mun ég sko deyja úr elli
 am
 því ég lifi hratt og ég lifi hátt
 dm
 langt fyrir utan alla þjóðarsátt
 /F em/
 ég er kjaftfor og baldinn og ég blæs á ræður
 /dm am/
 um bágbornar félagslegar aðstæður

Kór félagsráðgjafanna

am dm am dm
 Hann er kjaftfor og baldinn og hann blæs á ræður
 F em dm am
 um bágbornar félagslegar aðstæður
 am dm am dm
 það er vesen á honum hann er vandræðakrakki
 F em dm am
 vissulega upprennandi félagsmálapakki

Trylltur gæi

am

Ég er trylltur gæi úr Torfufelli

dm

tek upp minn hníf og opna með smelli

am

ég kveiki í sjoppum og karamellum stel

dm

og ketti og hunda ég fagnandi kvel

/F

em/

en það besta sem ég veit er að berja minnimáttar

/dm

am/

margfalt ofurefli er alveg meiriháttar

Kór félagsráðgjafanna

am

dm

am

dm

Það er vesen á honum hann er vandræðakrakki

F

em

dm

am

vissulega upprennandi félagsmálapakki

am

dm

am

dm

það besta sem hann veit er að berja minnimáttar

F

em,

dm

am

margfalt ofurefli er alveg meiriháttar

Trylltur gæi

am

Ég er trylltur gæi úr Torfufelli

dm

tak'ég eitthvað í mig er það gert í hveli

am

framtakssömum gæjum finnst það ekkert skrítið

dm

að fyrren varir Breiðholtið verður alltof lítið

/F

em/

þá erða landaflaskí beltið og leigubíll

/dm

am/

mig langar niðrí bæ að verða óður skríll

Kór félagsráðgjafanna

am

dm

am

dm

Það besta sem hann veit er að berja minnimáttar

F

em,

dm

am

margfalt ofurefli er alveg meiriháttar

am

dm

am

dm

það er landaflaskí beltið og leigubíll

F

em,

dm

am

hann langar niðrí bæ að verða óður skríll

Sögumaður:

Auðséð að þetta er útlendur drengur
því íslenskir búekki fellunum lengur
og ef að hann er íbúi þá er hann sjálfsagt nýbúi
eða kannski skúbídúbí skúbídúbí dúbúi

Íslandsmenn eru erlendis
í útrásinni og svoleiðis
í heimsþorpinu hér og þar
og nýlendunum allstaðar
nú gengur fram á pallinn fjallkonan væn
og flytur okkur ávarp sitt frá liktenstein

Fjallkonan

am F G am
Íslensk þjóð með horska hali
C dm G am
hnarreistir klífa þeir fjallasali
am em hm D
Trónand'á pöllunum tignarleg sprund
G C F am
titlana vinna á erlendri grund

am F G am
Íslenski bóndinn í baráttu stóð
C dm G am
blik var í auga - frelsisins glóð
am em hm D
Barðist við hafís og hungur og grand
G C F am
halloka fór - svo flýði hann land

am F G am
En þjóðin hún reis úr djúpinu dökkva
C dm G am
dádleysisbálið tókst henn'að slökkva
am em hm D
Karlmenið íslenska kvóta sinn selur
G C F am
á keimannaeyjum hann verðbréf sín telur

am F G am
C dm G am
am em hm D
Hrærð ég og auðmjúk í hendur guðs fel
G C F am
hið íslenska góðskáld sem drakk sig í hel

Sögumaður:

Úttútnuð af hamingju er vor litla þjóð
 og eftir hlutfallsmælingum bæði rík og góð
 Og þó við eigum meira en koma má í lóg
 Þá nagar okkur ótti um að eiga aldrei nóg

Stjórmálamenn

C E7
 Það er erfitt fyrir okkur Íslands ráðamenn
 F D7
 Að umboð okkar gildir bara fjögur ár í senn
 F G7 / em A /
 Við þurfum að kyssa hvern einasta þjó
 F G / C
 Því af valdi við fáum ei nóg

Kór:

C
 Fæ aldrei nóg
 E7
 fæ aldrei nóg
 F G / C
 Því að ég fæ aldrei nóg

Ingibjörg

C E7
 Ég sit hér og þjáist barmafull af ást
 F D7
 sem enginn vill þiggja – hvað var það sem brást
 F G7 / em A /
 eitthvað í brjósti mér visnað og dó
 F G / C
 Því af ást ég fékk aldrei nóg

Kór:

C
 Fæ aldrei nóg
 E7
 fæ aldrei nóg
 F G / C
 Því að ég fæ aldrei nóg

Jónas

C E7
 Ég sit hér frosinn og starí drykkinn minn
 F D7
 og ef hann dugir ekki þá tek ég eitthvað inn
 F G7 / em A /
 feigðin er það eina sem veitir mér fró

F G / C
Því að lífið er langt frá því nóg

Kór:

C
Fæ aldrei nóg
E7
fæ aldrei nóg
F G / C
Því að ég fæ aldrei nóg

Auðmenn

C E7
Ég syndi með opinn munninn eins og nót
F D7
Svo í hann geti safnast allskonar dót
F G7 / em A /
ég hef hvorki í mér eirð eða ró
F G / C
Því af auði ég fæ aldrei nóg

Kór:

C
Fæ aldrei nóg
E7
fæ aldrei nóg
F G / C
Því að ég fæ aldrei nóg

Jón

C E7
Björt og ný og fögur brosir framtíðin
F D7
breiddur út á móti oss er evrufaðmurinn
F G7 / em A /
vi sei hei hei hei ví sei hó hó hó
F G / C
Því af frelsi vér fáum ei nóg

Kór:

C
Fæ aldrei nóg
E7
fæ aldrei nóg
F G / C
Því að ég fæ aldrei nóg

Tjaldið

© Benóný Ægisson

Allur texti verksins er eftir Benóný Ægisson nema saknaðaróður Ingibjargar sem er eftir Örn Karlsson og Suðrið sem er eftir Jónas. Öll tónlist í verkinu er eftir Benóný Ægisson nema upphafslagið sem er eftir Björgúlf Egilsson og Fótnóta sem er eftir Einar Vilberg.